## 460. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1925.

I. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 11. gr. A. 8. (Fangahús):
Liðurinn fellur niður.

II. Frá *Birni Lindal.*
Við 12. gr. 4. (Aðstoðarlæknir á Ísafirði):
Fyrir »1500« kemur ... ... ... ... ... ... ... 1800

III. Frá *Jóni Kjartanssyni.*
Við 12. gr. 13. c. (Sjúkraskýli í Borgarfirði):
Liðinn skál orða svo:
Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknisbústaði ... 20000
*Til vara:*
Liðurinn fellur niður.

IV. Frá *Bjarna Jónssyni frá Vogi.*
Við 12. gr. 13. c. Nýr liður:
Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknisbústað í Flatey á Breiðafirði ... ... ... ... ... ... ... ... ... 14000

**V.** Frá *Jóni Baldvinssyni.*

Við 12. gr. 13. i. Nýr liður:

Til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafjelaganna í Reykjavík ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... 1200

**VI.** Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við 12. gr. 13. n. (Hjúkrunarnám):
   Liðurinn fellur niður.
2. Við 12. gr. 13. q. (Guðm. Guðfinnsson):
   Liðnrinn fellur niður.
3. Við 12. gr. 13. r. (Elín Sigurðardóttir):
   Liðurinn fellur niður.

**VII.** Frá *Jakob Möller.*

Við 12. gr. 13. r. Nýr liður:

Lokastyrkur til Skúla læknis Guðjónssonar, til heilbrigðisfræðináms erlendis ... ... ... ... ... ... ... ... 1800

**VIII.** Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við 13. gr. B. II. (Flutningabrautir):
   Fyrir »100000« kemur... ... ... ... ... ... ... ... ... 75000
2. Við 13. gr. B. X. (Bifreiðastyrkur):
   Liðinn skal orða svo:
   Styrkur til bifreiðaferða vor og haust frá Reykjavík austur um sveitir ... ... ... ... ... ... ... ... ... 1000
   Bifreiðafjelag o. s. frv.
3. Við 14. gr. B. I. b. (Háskólakensla hjeraðslæknis):
   Fyrir »1500« kemur .. ... ... ... ... ... ... ... ... 1000
4. Við 14. gr. B. I. c. (Lagalæknisfræði):
   Liðurinn fellur niður.

**IX.** Frá *Bjarna Jónssyni frá Vogi.*

Við 14. gr. B. I. d. (Námsstyrkur háskólastúdenta):

Liðinn skal orða svo:

Námsstyrkur, húsaleigustyrkur og ferðastyrkur vegna stúdentaskifta ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... 22000

Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita reglusömum, efnalitlum stúdentum.

Húsaleigustyrk má venjulega að eins veita utanbæjarstúdentum.

**X.** Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 14. gr. B. II. a. (Námsstyrkur stúdenta erlendis):

Fyrir »15000« kemur ... ... ... ... ... ... ... ... ... 12000

**XI.** Frá *Bjarna Jónssyni frá Vogi.*
Við 14. gr. B. II. a. (Námsstyrkur stúdenta erlendis):
Framan við athugasemdina bætist: Skal hverjum styrkþega veitt eigi lægri upphæð en svo, að jafngildi Garðstyrk, að frádregnum 200 kr.

**XII.** Frá *Bernharð Stefánssyni.*
Við 14. gr. B. II. a. (Námsstyrkur stúdenta erlendis):
Fyrir »2—3 ár« í niðurlagi aths. kemur: 1—3 ár.

**XIII.** Frá *fjárveitinganefnd.*

| | |
|---|---|
| 1. Við 14. gr. B. III. b. 4. (Tímakensla við mentask.): | |
| Fyrir »15000« kemur ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 13000 |
| 2. Við 14. gr. B. III. b. 11. (Veraldarsaga): | |
| Liðurinn fellur niður. | |
| 3. Við 14. gr. B. XVIII. 4. (Ingibjörg Guðbrandsd.): | |
| Liðurinn fellur niður. | |

**XIV.** Frá *Bjarna Jónssyni frá Vogi.*

| | |
|---|---|
| 1. Við 15. gr. 3. d. Nýr liður: | |
| Til að kaupa íslensk listaverk ... ... ... ... ... ... | 3500 |
| 2. Við 15. gr. 15. a. (Jóh. L. L. Jóh.). Liðinn skal orða svo: | |
| Til Jóhannesar L. Lynge Jóhannssonar, til þess að safna til íslenskrar orðabókar með íslenskum þýðingum, 4000 kr. með verðstuðulsuppbót, enda sje safnið eign ríkisins ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 6000 |

**XV.** Frá *fjárveitinganefnd.*

| | |
|---|---|
| 1. Við 15. gr. 15. a. (Jóh. L. L. Jóh.): | |
| Fyrir »6000« kemur... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 5000 |
| 2. Við 15. gr. 15. b. (Þórbergur Þórðarson): | |
| Fyrir »1200« kemur... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 1000 |

**XVI.** Frá *Árna Jónssyni* og *Halldóri Stefánssyni.*
Við 15. gr. 18. (Sigurður Nordal):
Liðurinn fellur niður.

**XVII.** Frá *fjárveitinganefnd.*

| | |
|---|---|
| Við 15. gr. 21. (Helgi Pjeturss): | |
| Fyrir »6000« kemur ... ... ... ... ... ... ... ... | 5000 |

**XVIII.** Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 15. gr. 21. (Helgi Pjeturss):
Orðin: »til jarðfræðirannsókna« falli niður.

| | | |
|---|---|---|
| **XIX.** | Frá *Magnúsi Jónssyni.*<br>Við 15. gr. 27. Nýr liður:<br>Til Egils Guttormssonar, til að gefa út Lög Íslands, 100 kr. á örk, alt að ... ... ... ... .. ... ... ... ... | 900 |
| **XX.** | Frá *Jakob Möller.*<br>Við 15. gr. 36. (Frjettastofan):<br>Fyrir »2000« kemur ... ... ... ... ... ... ... | 4000 |
| **XXI.** | Frá *fjárveitinganefnd.*<br>1. Við 16. gr. 18. (Heimilisiðnaðarfjel.):<br>Fyrir »6000« kemur... ... ... ... ... ... ... ... ... | 5200 |
| | 2. Við 16. gr. 19. (Halldóra Bjarnadóttir):<br>Fyrir »1200« kemur... ... ... ... ... ... ... ... ... | 2000 |
| **XXII.** | Frá *Bjarna Jónssyni frá Vogi.*<br>Við 16. gr. 19. Nýr liður:<br>Til Þórdísar Ólafsdóttur, til þess að halda uppi kenslu í hannyrðum, heimilisiðnaði og öðrum kvennafræðum í Dalasýslu ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 500 |
| **XXIII.** | Frá *fjárveitinganefnd.*<br>1. Við 16. gr. 21. (Bandalag kvenna):<br>Liðurinn fellur niður.<br>2. Við 16. gr. 32. (Skipulag kauptúna):<br>Liðurinn fellur niður.<br>3. Við 16. gr. 38. (Hjónin í Hitardal):<br>Liðurinn fellur niður.<br>4. Við 16. gr. 39. (Bjarni Magnússon):<br>Liðurinn fellur niður. | |
| **XXIV.** | Frá *Hákoni Kristófferssyni.*<br>Við 18. gr. II. e. 12. Nýr liður:<br>Til Guðmundar Björnssonar... ... ... ... ... ... | 150 |
| **XXV.** | Frá *Ágúst Flygenring.*<br>Við 18. gr. II. e. 13. Liðinn skal orða svo:<br>Til Árna Theódórs Pjeturssonar þangað til stjórnin veitir honum aftur starf hans eða annað álíka ... ... ... | 500 |
| **XXVI.** | Frá *fjárveitinganefnd.*<br>Við 19. gr. II. (Dýrtíðaruppbót):<br>Fyrir »100000« kemur .. ... ... ... ... ... ... ... | 168000 |

**XXVII.** Frá *Bjarna Jónssyni frá Vogi.*

Við 21. gr. 3. Nýr liður:

2000 kr. til Tómasar Kristjánssonar, bónda á Höskuldsstöðum í Laxárdal í Dalasýslu, til þess að leita sjer heilsubótar erlendis, gegn þeirri tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda. Lánið er veitt til 12 ára, gegn 6% ársvöxtum, og er afborgunarlaust fyrstu 2 árin.

**XXVIII.** Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við 21. gr. 4. (Ólafur J. Hvanndal):

   Liðurinn fellur niður.

2. Við 21. gr. 5. (Álafoss):

   Liðinn skal orða svo:

   Stjórninni er heimilt að veita verksmiðjunni Álafossi 3 ára greiðslufrest á afborgunum af viðlagasjóðsláni hennar.

**XXIX.** Frá *Bernharð Stefánssyni.*

Við 22. gr. I. b. Nýr liður:

Alt að 300000 kr. til Siglufjarðarkaupstaðar, til byggingar raforkustöðvar og rafmagnsveitu.

Ábyrgðarheimildin er bundin því skilyrði, að stjórnin telji, að fyrirtækið muni borga sig og að bæjarfjelagið sje fært um að standa straum af því.